

AUGLÝSING

138
25. sept.

um breyting á gjaldskrá fyrir dýralækna nr. 114 20. september 1948.

8. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir að skoða og stimpla hvern skrokk:

Sauðfé, geitfé kr. 0.80.

Þegar slátrað er yfir 300 kindum á dag í sláturhúsi er skoðunargjaldið kr. 0.51 fyrir hvern skrokk.

Naut, hross, svín kr. 12.60.

Kálfar, grísir kr. 6.30

Verðlagsvisitöluuppbót greiðist ekki á skoðunargjald samkvæmt 1. mgr.

Þurfi dýralæknir að annast kjötskoðun fjarri heimili sínu, ber sláturhúsi því, er hann skoðar kjötið fyrir, að sjá honum fyrir greiðum farkosti eða greiða honum fyrir farkost, ef hann leggur hann til sjálfur.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 124 22. desember 1947, um dýralækna, og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. september 1961.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

AUGLÝSING

139
4. okt.

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerð fyrir eftirtaldir úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsing ráðuneytisins nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957:

30. Nefnd Múrarafélags Reykjavíkur. Staðfest 4. marz 1961.
31. Nefnd Trésmiðafélags Reykjavíkur. Staðfest 4. marz 1961.
32. Nefnd Verkalýðsfélags Akraness. Staðfest 4. marz 1961.
33. Nefnd verkalýðsfélaganna á Hofsósi. Staðfest 4. marz 1961.

Félagsmálaráðuneytið, 4. október 1961.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson